

loknu námi þar, innritaðist í Harvard háskólann. Þar lagði hann sig eftir heimspeki og söguvísindum. Frá guðfræðis-skólanum við háskólann útskrifaðist hann 1846 og vígðist til Unitaríska safnaðarins í Worcester í Massachusetts ríki. Tíu árum síðar tók hann við prestsþjónustu hjá "South Congregational Unitara Kyrkjunn" í Boston og hélt þar embætti þangað til vorið 1900 að hann var skipaður Chaplain, í Senatinu í Congressi Bandaríkjanna. Það embætti skipaði hann þegar hann lést, 10 Júní, þ. á.

Dr. Hale var afar einkennilegur maður í sjón. Hann var hár vexti og þrekinn vel, með stærri mönnum. Andlitið var ekki frítt en svipurinn höfðinglegur og mannúðlegur. Hann var ætíð glaðvær og vel fyndinn í orði, ræðumaður góður, og fylgdi orðum hans og framsögu sannfæring og djúp lotning og alvara. Mjög viðsýnn var hann í trúarefnum, og þótt hann leyndi engan mann skoðanna sinna, var hann engu minna virtur meðal kyrkjulegra andstæðinga en trúbræðra sinna.

Auk ritgjörða hans í blöðum og tímaritum liggja eftir hann fjöldi skáldsagna. Merkust af sögum hans er talin skáldsagan "The Man Without a Country"—Maðurinn er ekkert átti föðurland. Kom saga þessi út árið 1861 í byrjun þrælastríðsins. Efni þeirrar sögu er tekið úr viðburði Bandaríkjja sögunnar, er gjörðist frá árunum 1804-8, þegar Aaron Burr ætlaði að setja á stofn Keisaradæmi fyrir vestan Alleghany fjöllin. Talið er að saga þessi hafi stutt að fullum sættum, meir en nokkuð annað, að afloknu stríðinu. Og þótt ekkert lægi eftir Dr. Hale annað en þessi saga myndi nafn hans aldrei gleymast, meðan Bandaríkjja þjóðin mælir á enska tungu.

